

Nd.

812. Frumvarp til laga

[285. mál]

um dvalarheimili aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Dvalarheimili aldraðra eru ætluð öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Dvalarheimili aldraðra getur jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar sem fullrar vistunar. Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis.

2. gr.

Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

3. gr.

Beiðni til ráðherra til rekstrarleyfis samkvæmt 2. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu af húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna og með hvaða kjörum.

Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

4. gr.

Heilbrigðisyfirvöld annast eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi dvalarheimilis og skulu í því sambandi ætíð eiga greiðan aðgang að stofnunum, sem um getur í þessum lögum.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um búnað húsa, aðbúnað og þjónustu við vistmenn, svo og um starfslið dvalarheimilis.

6. gr.

Rekstur dvalarheimilis skal lúta stjórn 3 eða 5 manna, skulu þeir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til 4 ára í senn. Vismönnum skal heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin ræður forstöðumann heimilisins og heimilislækni og skal þeim heimil seta á stjórnarfundum með tillögurétti og málfrelsi.

7. gr.

Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

8. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ákveður upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Ársreikningar dvalarheimila skulu ætíð sendir ráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn dvalarheimilis ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns.

10. gr.

Þau dvalarheimili, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háð ákvæðum þeirra.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sumarið 1971 fól Magnús Kjartansson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Velferðarnefnd aldraðra að semja frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við byggingu elliheimila.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, og eftirfarandi greinargerð er árangur af starfi nefndarinnar að þessu verkefni.

Fjöldi aldraðra hefur verið sívaxandi á Íslandi undanfarin ár, bæði tölulega og hlutfallslega miðað við íbúafjölda. Vaxandi fjöldi aldraðra hefur haft í för með sér aukna þörf fyrir ýmsar stofnanir og þjónustu í þágu þeirra. Nokkur sveitarfélög og félagssamtök hafa innt af hendi myndarlegt átak í þessu efni og nú er á döfningi hjá ýmsum sveitarfélögum athugun á vistunaraðstöðu aldraðra og byggingu dvalarheimila.

Þrátt fyrir það skortir mjög ýmiss konar úrræði í sambandi við vistun aldraðra.

Með frumvarpi þessu er leitast við að setja ákvæði um veigamikil atriði í sambandi við starf í þágu aldraðra, dvalarheimili. Áður voru nokkur ákvæði um elliheimili í sjúkrahúsalögum nr. 54/1964. Í kaflanum um sjúkrahús í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru ekki samsvarandi ákvæði um elli- og dvalarheimili og áður voru í sjúkrahúsalögum, þar sem rétt þótti að flytja sérstakt frumvarp um dvalarheimili fyrir aldraða.

Þótt hér sé flutt sérstaklega frumvarp um dvalarheimili fyrir aldraða, leggur nefndin áherzlu á, að litið verði á alla dvalar- og vistunaraðstöðu fyrir aldraða, þ. e. hjúkrunarheimili, dvalarheimili og sérstakar íbúðir fyrir aldraða, sem heild, enda oft mjótt á munum milli einstakra vistunarúrræða.

Í meginatriðum er tilgangur með lagasetningu þessari tvíþættur:

1. Settar verði reglur um byggingu og rekstur dvalarheimila fyrir aldraða og skapaðir möguleikar á eftirliti með rekstri þeirra.
2. Settar verði reglur um framlög úr ríkissjóði til bygginga dvalarheimila og kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagður sá skilningur í hugtakið dvalarheimili, að það sé ætlað þeim öldruðum, sem eru að verulegu leyti sjálfbjarga, en þarfnast samt eða óska að búa á heimili, þar sem þeir geta verið lausir við húshald, fengið umönnun og vissa hjúkrun.

Áherzla er á það lögð, að dvalarheimili geti verið jöfnum höndum ætluð til dagvistar sem fullrar vistunar.

Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis og er þá reiknað með ákveðinni sameiginlegri þjónustu frá dvalarheimilinu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, enda er hér um svipað ákvæði að ræða og nú er í sjúkrahúsalögum nr. 54/1964.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er reiknað með, að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, framlag lögbundið til sveitarfélaga en heimildar-ákvæði í sambandi við byggingu dvalarheimilis á annarra vegum.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Samkvæmt því ákveður daggjaldanefnd upphæð vistgjalda á dvalarheimilum skv. l. nr. 67/1971.

Um 9. gr.

Með ákvæði þessu er ákvörðun um fyrirkomulag vistunar í höndum stjórnar dvalarheimilis.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.